

BORGARRÁÐ 30. apríl 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ósvaraðar fyrirspurnir áheyrnarfulltrúans - R20040236

Nú eru 24 fyrirspurnir frá mér sem bíða svars og sú elsta frá 10. janúar 2019. Kjörnum fulltrúum ber að sinna eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum. Þetta eru afleit vinnubrögð. Margra þessara fyrirspurna snúa að vafasamri stjórnsýslu hjá borginni. Hvers vegna er fyrirspurnum ekki svarað? Hvað er verið að fela? Óskað er eftir að ósvöruðum fyrirspurnum verði svarað tafarlaust. Hver vegna er ekki búið að svara framhaldsfyrirspurn minni um kæru vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979. Í því máli hefur úrskurðarnefnd útboðsmála úrskurðað um sekt Reykjavíkurborgar og er útboðið í heild sinni í uppnámi, en fyrirspurnin hljóðar svo: 1. Óskað er eftir að borgarráð fái öll gögn sem Reykjavíkurborg hefur látið kærunefnd útboðsmála í té vegna kæru um stýribúnað umferðarljósa og skal ekkert undanskilið. 2. Er Reykjavíkurborg búin að svara kæru sem er til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála um rammamening um stýribúnað umferðarljósa? 3. Er það virkilega svo að sama fyrirtæki hafi verið í viðskiptum við Reykjavíkurborg á þessu tiltekna sviði allt frá árinu 1979 eins og fram kemur í fundargögnum innkauparáðs? 4. Hvaða fyrirtæki hafa þjónustað Reykjavíkurborg í ljósastýringum frá árinu 1979? 5. Hvað hefur Reykjavík farið í mörg útboð á ljósastýringarbúnaði frá árinu 2000?